

Útdráttur

Markmið verkefnisins er að gera úttekt og rannsókn á samstarfsverkefnum sem Íþróttta- og tólmstundaráð Reykjavíkur, ÍTR, tengist í hverfum Reykjavíkur. Spurt var þriggja rannsóknarspurninga: 1. Að hve miklu leyti eru samstarfsverkefnin sem ÍTR tengist unnin með faglegum hætti? 2. Að hve miklu leyti bera samstarfsverkefnin sem ÍTR tengist tilætlaðan árangur? 3. Eru aðilarnir sem tengjast samstarfinu með næga þekkingu, þjálfun og svigrúm til að vinna samstarfsverkefni með skilvirkum hætti? Til að svara rannsóknarspurningunum voru tekin viðtöl við fagaðila. Út frá viðtölunum voru hannaðir tveir spurningalistar. Annar var lagður fyrir umsjónarmenn frístundaheimila og verkefnastjóra félagsmiðstöðva í öllum hverfum Reykjavíkur. Seinni listanum var ætlað að gera frekari úttekt á fjölda og eðli samstarfsverkefna sem ÍTR tengist í hverfunum og var hann sendur á forstöðumenn og deildarstjóra barna- og unglingsviðs í öllum hverfum Reykjavíkur auk forstöðumanns og deildarstjóra Hins Hússins. Niðurstöður benda til þess að þau samstarfsverkefni sem ÍTR tengist í hverfum Reykjavíkur á barna- og unglingsviði séu unnin nokkuð faglega, þau bera frekar mikinn árangur og starfsmennirnir sem koma að samstarfinu hafa nægilega þekkingu og þjálfun til að vinna að samstarfsverkefnum en auka má svigrúm starfsmanna til samstarfs.

Soffía Erla Einarsdóttir